

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum varningi
nr. 322/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 2.4 fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Á bls. 116 kemur ný brautarlýsing fyrir námsbraut í snyrtifræði í stað fyrri brautarlýsingar:

SNYRTIFRÆÐI (SN8) 112 ein.

Iðnnám á verknámsbraut

Meginmarkmið náms í snyrtifræði er að nemandinn hafi, að loknu námi í skóla og starfsþjálfun undir eftirliti meistara í greininni, öðlast þá fræðilegu og faglegu þekkingu og hæfni í greininni og þjónustu við viðskiptavinum sem krafist er til sveinsprófs. Nám í skóla er 6 annir. Starfsþjálfun á snyrtistofu undir eftirliti meistara: 10 mánuðir.

Almennar greinar24 ein.

| | | | |
|-----------------------|-----|---------------------|--------|
| Danska | DAN | 102 | 2 ein. |
| Enska | ENS | 102 202 302 | 6 ein. |
| Íslenska | ÍSL | 102 202 | 4 ein. |
| Lífsleikni | LKN | 103 | 3 ein. |
| Líkams- og heilsurækt | ÍÐR | 101 111 201 211 3X1 | 5 ein. |
| Stærðfræði | STÆ | 102 + 2 ein. | 4 ein. |